



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 18. desember 2019

R19120158

RÁ/HK

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Guðni Geir Einarsson

Efni: Umsókn um styrk úr jöfnunarsjóði

Reykjavíkurborg hefur glímt við vaxandi mismun á kostnaði við rekstur þjónustu við fatlað fólk og þeirra framlaga sem koma í hlut borgarinnar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og tekjuaukans af 0,25% af útsvarsstofni. Heildarútgjöld þeirra verkefna sem eru hjá velferðarsviði námu á árinu 2018 um 9,5 milljörðum og eru langt umfram framlög Jöfnunarsjóðs og tekjuaukann af 0,25% af útsvarsstofni. Frá yfirfærslu hefur mismunurinn verið um 9 milljarðar króna og aukist ár frá ári. Í 9 mánaða milliuppgjöri 2019 stefnir mismunurinn í að vera um 3,4 milljarðar.

Reykjavíkurborg telur brýnt að fá ytri fagaðila til að rýna sundurliðuð útgjöld til að leita skýringa á mismun á tekjum og útgjöldum á undanförunum árum og á yfirstandandi ári.

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs